



Reglur Svalbarðsstrandarhrepps varðandi nemendur sem óska eftir að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum

Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps geta íbúar í sveitarfélaginu, sem stunda tónlistarnám utan sveitarfélags sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar vegna tónlistarnáms fram að 18 ára aldri. Svalbarðsstrandarhreppi ber ekki lagaleg skylda til að greiða þennan kostnað.

Um niðurgreiðslu námskostnaðar gilda eftirfarandi reglur:

1. Ungt fólk, fram að átján ára aldri, með lögheimili í Svalbarðsstrandarhreppi sem leggja stund á tónlistarnám í öðru sveitarfélagi geta sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar. Skilyrði er að viðkomandi sé í fullu námi í tónlistarskóla sem sveitarfélagið viðurkennir, hafi áður stundað nám við tónlistarskóla í Svalbarðsstrandarhreppi og að viðkomandi standi ekki til boða lengur nám við hæfi í heimabyggð.
2. Sækja þarf um niðurgreiðslu skriflega til sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps fyrir 1. ágúst ár hvert vegna náms á haustönn og 1. desember fyrir nám á vorönn.
3. Áður en umsókn er afgreidd þarf að skila inn námsvottorði annarinnar þar sem fram koma upplýsingar um ástundun og námsárangur ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Þessar upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.
4. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um heildarupphæð niðurgreiðslna við gerð fjárhagsáætlunar. Hámarks niðurgreiðsla fyrir hvern nemanda skal ákvarðast í sveitarstjórn fyrir hvert skólaár. Svalbarðsstrandarhreppur áskilur sér rétt til að meta umsókn með hliðsjón af því hvort að sambærilegt nám er í boði í Svalbarðsstrandarhreppi.
5. Svalbarðsstrandarhreppur niðurgreiðir ekki tónlistarnám á háskólastigi.